

## Úrskurður

### áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 10/2002

Heimsferðir ehf.

gegn

samkeppnisráði

#### I.

Með bréfi, dags. 10. apríl 2002, hefur Þórður Þórðarson hdl. f.h. Heimsferða ehf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 9/2002](#), dags. 18. mars 2002.

Í hinni kærðu ákvörðun er Heimsferðum ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. 400.000 vegna brots á 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995, sbr. 21. gr. samkeppnislaga, þar sem flugvallaskattar voru ekki innifaldir í verði í auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu 10. mars 2002.

Áfrýjandi krefst þess að stjórnvaldssektin verði felld niður eða lækkuð stórlega.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að ákvörðun ráðsins nr. 9/2002 verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

#### II.

Málavextir eru þeir að 28. febrúar 2002 sendi Samkeppnisstofnun bréf til sex fyrirtækja í ferðaþjónustu, þ.á m. áfrýjanda, þar sem rakin eru ákvæði laga og reglna sem gilda um verðupplýsingar í auglýsingum og úrræði stjórnvalda ef brotið er gegn þeim. Þann 10. mars 2002 birtist auglýsing á vegum áfrýjanda í Morgunblaðinu sem

að mati Samkeppnisstofnunar virtist brjóta gegn fyrrnefndum ákvæðum þar sem flugvallaskattar voru ekki innifaldir í verði, sbr. bréf stofnunarinnar til áfrýjanda dags. 11. mars 2002.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 18. mars 2002 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Með auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu 10. mars 2002 brutu Heimsferðir ehf. gegn 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, þar sem flugvallaskattar eru ekki innifaldir í verði.

Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga skulu Plúsferðir ehf. greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. 400.000.

Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.”

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð samkeppnisráðs barst 30. apríl 2002 og var áfrýjanda gefinn kostur á að koma að athugasemdum við hana. Athugasemdir bárust ekki innan tilskilins frests.

### III.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á því að hann hafi síðastliðin tvö ár auglýst verð með öllum gjöldum inniföldum. Um síðustu áramót hafi helstu keppinautar áfrýjanda auglýst verð án skatta. Þann 22. febrúar 2002 hafi áfrýjandi kvartað við starfsmann Samkeppnisstofnunar yfir því að þeir skyldu geta gert þetta átölulaust. Þegar ljóst hafi verið 7. mars 2002 að stofnunin myndi ekki bregðast við í málinu hafi áfrýjandi lýst því yfir að honum væri nauðugur einn kostur að auglýsa með sama hætti og keppinautarnir.

Ferðamarkaðurinn sé mjög viðkvæmur. Ferðir fyrir ákveðin tímabil séu seldar á nokkrum dögum og oft skilji fáar krónur keppinautana að. Áfrýjanda hafi verið nauðugur einn kostur, að auglýsa verð án skatta, og hefði hann vafalítið orðið fyrir gríðalegu tjóni ella. Samkeppnisstofnun hafi brugðist skyldu sinni í málinu og aðgerðir áfrýjanda byggst á neyðarrétti.

#### IV.

Því er mótmælt af hálfu samkeppnisráðs að áfrýjandi hafi síðastliðin tvö ár auglýst verð í samræmi við lög og reglur. Samkeppnisyfírvöld hafi ítrekað haft afskipti af áfrýjanda á árunum 1995, 2000 og 2001, m.a. vegna þess að flugvallaskattar hafi ekki verið innifaldir í verði í auglýsingum á vegum hans. Áfrýjanda hafi því verið fyllilega kunnugt um þau lög og reglur sem gildi um auglýsingar á sviði ferðaþjónustu en haldið áfram að birta ólögmatar auglýsingar þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stofnunarinnar.

Meðalhófssjónarmiða hafi verið gætt. Áfrýjanda hafi verið send mörg bréf með áminningum og loks gefinn átta daga frestur til að laga auglýsingar sínar. Honum hafi verið gert ljóst að eftir þann frest yrðu lagðar á stjórnvaldssektir ef hann héldi áfram uppteknum hætti.

Þá eigi neyðarréttur ekki við í máli þessu. Áfrýjandi hafi haft önnur tækifæri til að ná fram rétti sínum en að brjóta lög. Auk þess hafi honum verið ljóst að samkeppnisyfírvöld höfðu hafið aðgerðir gegn hinum villandi auglýsingum, sbr. erindi Samkeppnisstofnunar til sex ferðaskrifstofa, þ.á m. áfrýjanda, dags. 28. febrúar 2002.

Enn fremur hafi jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 verið fullnægt. Öllum fyrirtækjum á umræddum markaði hafi verið sent bréf með lokaaðvörðun en fjögur fyrirtæki síðan auglýst verð án flugvallaskatta eftir þann frest sem þeim var gefinn til að laga auglýsingar sínar. Þau fyrirtæki hafi öll verið sektuð.

Varakröfu áfrýjanda, að sektin verði stórlega lækkuð, er mótmælt og þess krafist að áfrýjunarnefndin staðfesti sektarfjárhæðina óbreytta. Sektir í samkeppnisrétti hafi eingöngu einn tilgang og það séu almenn og sérstök varnaðaráhrif. Sektin sé langt innan sektarhámarks 51. gr. samkeppnislaga. Sektarfjárhæðin sé hæfilega ákveðin 400.000 kr. en til samanburðar þá kosti ein auglýsing, þ.e. auglýsing sem birtist eingöngu einu sinni, í Morgunblaðinu á milli 352.100 - 406.400 kr. Sektin sé í eðlilegu samhengi við eðli brotsins og þá nauðsyn að tryggja lágmarks varnaðaráhrif. Það liggja einnig fyrir að áfrýjandi hafi ítrekað gerst sekur um sömu hegðun.

Sektarákvörðunin í máli áfrýjanda sem og hinna fyrirtækjanna sem fengu sekt í sams konar málum hafi haft tilætluð varnaðaráhrif. Síðan ákvarðanirnar hafi verið birtar hafi allar auglýsingar umræddra fyrirtækja verið í samræmi við lög og reglur. Lækkun á sekt myndi gera þau varnaðaráhrif að engu og senda röng skilaboð út í atvinnulífið.

## V.

Í hinni kærðu ákvörðun er áfrýjandi talinn hafa brotið gegn 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu 10. mars 2002 þar sem flugvallaskattar voru ekki innifaldir í auglýstu verði. Aðrar auglýsingar áfrýjanda sem birtust síðar koma því ekki til álita í máli þessu.

Ekki er deilt um í máli þessu að áfrýjandi hafi gerst brotlegur gegn umræddum ákvæðum með birtingu auglýsingarinnar 10. mars 2002.

Samkeppnisstofnun sendi eins og fram hefur komið erindi dags. 28. febrúar 2002 til sex ferðaskrifstofa, þ.á m. áfrýjanda. Þar eru ákvæði laga og reglna um verðupplýsingar í ferðaauglýsingum ítarlega rakin og sérstaklega tekið fram að flugvallaskattar skuli ávallt vera innifaldir í auglýstu verði. Enn fremur er tekið fram að viðurlög við brotum á 20. og 21. gr. samkeppnislaga hafi verið hert til muna, sbr. 51. gr. laganna um heimild samkeppnisráðs til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki í ákveðnum tilvikum. Kemur fram í lok umrædds erindis að verði ekki farið að lögum og reglum í auglýsingum sem birtist eftir 8. mars 2002 muni samkeppnisyfirkvöld grípa til viðeigandi aðgerða.

Þrátt fyrir þessa viðvörðun kaus áfrýjandi að birta auglýsingu eftir tilgreindan frest, þ.e. 10. mars 2002, sem braut í bága við lög og reglur. Gerði hann það af ásettu ráði og styður hann það þeim rökum að keppinautar hans hafi gert slíkt hið sama.

Áfrýjunarnefnd telur að brot annarra ferðaskrifstofa geti ekki réttlætt brot áfrýjanda og beri því að sekta hann vegna framangreinds brots. Sektarfjárhæðin þykir hæfilega ákveðin kr. 400.000.

Í ljósi framangreinds ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun samkeppnisráð nr. 9/2002, dags. 18. mars 2002, er staðfest.

Reykjavík, 10. maí 2002

Páll Sigurðsson, formaður

Erla S. Árnadóttir

Anna Kristín Traustadóttir